



Reykjavíkurborg

Borgarlögmaður

Reykjavík, 9. september 2020

R20080085

6206

ES

Minjastofnun Íslands
Kristín Huld Sigurðardóttir
Suðurgötu 39
101 REYKJAVÍK

Athugasemdir Reykjavíkurborgar vegna undirbúnings tillögu Minjastofnunar Íslands um friðlýsingu menningar- og búsetulandslags við Þerneyjarsund, í Þerney og á Álfsnesi

Með bréfi, dags. 8. júlí 2020, var Reykjavíkurborg gefinn kostur á að koma á framfæri formlegum og efnislegum athugasemdum við undirbúning að tillögu og skilmálum Minjastofnunar Íslands um friðlýsingu menningar- og búsetulandslags við Þerneyjarsund; í Þerney og á Álfsnesi (landnr. L 125650 og L 125775), sbr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Í bréfi stofnunarinnar kemur fram að hún vænti svars Reykjavíkurborgar eigi síðar en 27. ágúst 2020. Með bréfi dags. 19. ágúst 2020 óskaði Reykjavíkurborg eftir framlengdum fresti til 11. september 2020 sem Minjastofnun samþykkti að veita.

Í áður greindu bréfi Minjastofnunar Íslands gerir stofnunin athugasemdir við að Reykjavíkurborg hafi samþykkt breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og deiliskipulag fyrir Álfsnes á Kjalarnesi þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar stofnunarinnar þess efnis að sú uppbygging er skipulagsáætlanir gera ráð fyrir muni hafa mjög neikvæð áhrif á einstakt menningarlandslag á Álfsnesi og við Þerneyjarsund. Í ódagsettum drögum að friðlýsingarskilmálum sem fylgdu með tilvitnuðu bréfi Minjastofnunar Íslands er að finna rökstuðning stofnunarinnar fyrir friðlýsingu svæðisins. Þar segir að með tillögu að friðlýsingu svæðisins sé miðað að því að vernda þá minjahlæð sem menningar- og búsetulandslag svæðisins myndar. Í fyrrnefndum drögum segir að við Þerneyjarsund sé einstaklega vel varðveitt menningar- og búsetulandslag sem nái yfir búsetu á svæðinu frá miðöldum fram á 20. öld. Þá sé svæðið lítið snortið af síðari tíma framkvæmdum og að markmið friðlýsingarinnar sé að standa vörð um þau menningarsögulegu verðmæti sem felast í menningar- og búsetulandslagi við Þerneyjarsund.

Reykjavíkurborg gerir athugasemdir við málsmeðferð umræddrar friðlýsingartillögu Minjastofnunar Íslands og telur að ekki hafi verið gætt að ákvæðum stjórnsýslulaga við undirbúning tillögunnar. Að mati Reykjavíkurborgar er ekki nauðsynlegt að friðlýsa svæðið í heild sinni, enda gefi uppfærð fornleifaskráning svæðisins frá maí 2018, sem unnin var af Borgarsögusafni Reykjavíkur, ekki tilefni til slíkrar friðlýsingar. Þá telur Reykjavíkurborg að meðalhófs og rannsóknarreglu hafi ekki verið gætt við gerð tillögunnar.

Áréttað er að Reykjavíkurborg telur sig hafa átt viðeigandi samstarf við Minjastofnun Íslands allan skipulagstíma svæðisins og í raun haft samráð í ríkari mæli við stofnunina við gerð skipulagsáætlana heldur en áskilið er samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

I. Athugasemdir Reykjavíkurborgar við málsmeðferð og efni friðlýsingartillögu og -skilmála:

a) *Samráð ekki haft við Reykjavíkurborg sem skipulagsyfirvald um friðlýsingu*

Í 2. mgr. 18. gr. laga um menningarminjar er mælt fyrir um að Minjastofnun Íslands skuli hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra. Umrætt ákvæði, sem var nýmæli í lögum er lög nr. 80/2012 um menningarminjar voru sett, felur annað og meira í sér en einungis andmælarétt og tilkynningarskyldu samkvæmt 19. gr. laganna.

Reykjavíkurborg telur að Minjastofnun Íslands hafi ekki haft fullnægjandi samráð við sveitarfélagið sem handhafa skipulagsvalds á svæðinu við gerð tillögu að friðlýsingu þess og útfærslu tillögunnar, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um menningarminjar. Jafnvel þótt sveitarfélaginu hafi verið kunnugt um sjónarmið Minjastofnunar Íslands um svæðið, þá fékk sveitarfélagið ekki aðkomu að því hvort gera ætti tillögu um friðlýsingu svæðisins í heild sinni eða útfærslu hennar. Þvert á móti var Reykjavíkurborg einungis tilkynnt með bréfi, dags. 29. apríl 2020, að Minjastofnun Íslands hefði ákveðið að hefja undirbúning að tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um friðlýsingu svæðisins. Engin samskipti fylgdu í kjölfarið eða boð um samráð af hálfu Minjastofnunar Íslands. Það var síðan ekki fyrr en með fyrrnefndu bréfi stofnunarinnar frá 8. júlí 2020, sem Reykjavíkurborg var kynnt tillagan og veittur frestur til að gera athugasemdir við hana. Málsmeðferð stofnunarinnar við gerð umræddrar tillögu var því ekki í samræmi við 2. mgr. 18. gr. laga um menningarminjar.

b) *Sorpa bs. og Vegagerðin eiga hagsmuna að gæta í málinu*

Ljóst er að ef umrædd friðlýsingartillaga verður að veruleika þá mun hún leiða til þess að landnotkunarmöguleikar þess svæðis er hún nær til munu takmarkast verulega. Þannig nær umrætt svæði ekki aðeins til fyrirhugaðs hafnar- og athafnasvæðis Björgunar ehf., heldur einnig til veghelgunarsvæðis þjóðveggar, þ.e. Sundabraut, samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, en gert hefur verið ráð fyrir lagningu Sundabrautar í aðalskipulagsáætlunum Reykjavíkurborgar um áratugaskeið eða allt frá árinu 1985. Lagningu Sundabrautar er getið um í nýsamþykktu þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034, en vegaframkvæmdin er ekki fjármögnuð. Í því sambandi er rétt að geta þess að enn fremur voru á síðasta löggjafarþingi samþykkt lög nr. 80/2020 um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, sem heimila Vegagerðinni að gera samning við einkaaðila um slík verkefni að undangengnu útboði. Samkvæmt 1. gr. laganna er Sundabraut slík framkvæmd. Fyrir liggur að verði fyrirliggjandi tillaga um friðlýsingu svæðisins samþykkt óbreytt, þá muni það hafa í för með sér veruleg áhrif á veghelgunarsvæði Sundabrautar. Að mati Reykjavíkurborgar leiðir sú staðreynd enn fremur fram nauðsyn þess að Minjastofnun gæti meðalhófs við undirbúning tillögu um friðlýsingu svæðisins.

Í 2. másl. 1. mgr. 19. gr. laga um menningarminjar segir að Minjastofnun Íslands skuli gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja þau fyrir landeigendur, húseigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Þá segir í 3. másl. 2. mgr. 19. gr. laganna að um undirbúning og ákvörðun um friðlýsingu fari að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af framangreindu verður að telja brýnt að Minjastofnun Íslands veiti Vegagerðinni tækifæri til að koma að sjónarmiðum sínum um umrædda tillögu.

Þá mun friðlýsingin sennilega einnig hafa áhrif á starfsemi Sorpu bs. á svæðinu, en sigvatn frá athafnasvæði þess á Álfsnesi er leitt í gegnum hreinsivirki og lagnir út í Þerneyjarsund sem eru innan þess svæðis er Minjastofnun Íslands hyggst leggja til að verði friðlýst. Því verður að telja að Sorpa bs. eigi hagsmuna að gæta í málinu og að veita beri Sorpu bs. tækifæri til að tjá sig um tillöguna.

c) Hafnar- og athafnasvæði Björgunar ehf. mun ekki raska minjum sem hafa menningarsögulegt gildi

Drög að tillögu til friðlýsingar menningar- og búsetulandslags við Þerneyjarsund er byggð á 3. másl. 1. mgr. 18. gr. laga um menningarminjar eða nánar tiltekið á heimild til friðlýsingar á samfelldu svæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Í rökstuðningi fyrir friðlýsingarskilmálum tillögunnar segir að friðlýsing miði að því að vernda þá minjaheild sem menningar- og búsetulandslagið við Þerneyjarsund myndar, en tekið er fram að þar megi finna allt frá minjar um kauphöfn frá miðöldum til minja um búsetu fram á 20. öld.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að fyrirhuguð uppbygging Björgunar ehf. innan athafnasvæðis félagsins muni ekki raska minjum sem hafa menningarsögulegt gildi. Samkvæmt fornleifaskráningu Borgarsögusafns Reykjavíkur frá maí 2018 er á hafnar- og athafnasvæði Björgunar ehf. að finna svonefnda Markapúfu og mýrlendið Fornugrafir þar sem ummerki um mógrafir má finna. Við skráningu minja reyndist umrædd Markapúfa vera horfin. Þegar af þeirri ástæðu verður að telja að Markapúfan geti ekki talist til fornleifa í skilningi 3. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar, þar sem engar ápreifanlegar leifar eru til um hana. Það verður að teljast grundvallarskilyrði fyrir friðlýsingu samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar, að um sé að ræða friðlýsingu í þeim tilgangi að vernda ápreifanlegar leifar um mannvist, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna. Friðlýsingu verður þar af leiðandi ekki beitt til verndar heimildum um minjar, þegar engar leifar þeirra um mannvist eru til staðar. Beiting friðlýsingar með þeim hætti er ekki í samræmi við það markmið laganna að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga um menningarminjar.

Fornugrafir eru þýfð mýri, að mestu grasi vaxin og blaut, um 250 m löng og frá 90 m til 190 m á breidd. Samkvæmt fornleifaskráningum var talið að þar mætti finna greinileg ummerki um mógrafir. Á hinn bóginn fór fram vettvangskönnun af hálfu Minjastofnunar Íslands hinn 1. september sl. á svæðinu, þar sem borað var með borkjörnum á 17 stöðum á Fornugröfum. Sú könnun leiddi í ljós að engin merki um mannvist fundust á mógrafarsvæðinu. Þá verður að telja að almennt séu mógrafir ekki þess eðlis, að öðrum forsendum óbreyttum, að nauðsynlegt sé að beita friðlýsingu til varðveislu þeirra. Mógrafir eru meðal algengustu fornleifa á Íslandi og sjást oft í mýrlendi. Þar sem Minjastofnun Íslands hefur í friðlýsingartillögu sinni ekki fært rök fyrir því að mógrafir á svæðinu hafi menningarsögulegt gildi, eða eftir atvikum menningarsögulegt gildi umfram mógrafir almennt sem er að finna víða á landinu og ekki hefur verið talin ástæða til að leggja til að friðlýsa, verður að telja að ekki hafi verið færð fram fullnægjandi rök af hálfu stofnunarinnar fyrir friðlýsingu svæðisins vegna þeirra.

Með hliðsjón af framangreindu verður að telja að hagsmunir af friðlýsingu svæðis þar sem er að finna mógrafir sem ekki teljast hafa menningarsögulegt gildi umfram mógrafir almennt hljóti að vera hverfandi eða engir í samanburði við þá fjárhagslegu og samfélagslegu

hagsmuni sem búa að baki athafna- og hafnarstarfsemi á svæðinu og fyrirhugaðri lagningu Sundabrautar. Með tillagðri friðlýsingu er gripið inn í eignarrétt bæði Björgunar ehf. og Reykjavíkurborgar yfir svæðinu og hann takmarkaður verulega, en um er að ræða rétt sem er friðhelgur samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944.

Skilyrði 1. mgr. 18. gr. laga um menningarminjar fyrir friðlýsingu fornleifa er því ekki uppfyllt varðandi hafnar- og athafnasvæði Björgunar ehf., þar sem ekki hafa verið færð haldbær rök fyrir því af hálfu Minjastofnunar Íslands um að þær minjar er þar má finna hafi menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi í skilningi ákvæðisins. Þó að slíkar minjar kunni að vera sjálfkrafa friðaðar sökum aldurs þá er ekki þar með sagt að þær uppfylli samhliða framangreind skilyrði fyrir friðlýsingu. Í ljósi þessa er Reykjavíkurborg ósammála því að hafnar- og athafnasvæði Björgunar ehf. muni hafa neikvæð áhrif á menningarsögulegt landslag við Þerneyjarsund, þ.e. í Þerney og á Álfsnesi, og leggst gegn því að svæðið í heild sinni verði friðlýst.

Umrætt svæði hefur mikið fjárhagslegt og samfélagslegt gildi sem veghelgunarsvæði Sundabrautar, hafnarsvæði á höfuðborgarsvæðinu og athafnasvæði fyrir urðun sorps. Sérstaklega er vægi þess mikið sem hafnarsvæði í ljósi þess að land með ákjósanleg hafnarskilyrði við strendur höfuðborgarsvæðisins eru af skornum skammti. Að mati Reykjavíkurborgar verður að hafa hliðsjón af þessum staðreyndum við mat á tilefni og útfærslu tillögu um friðlýsingu. Þá hefur Minjastofnun Íslands ekki fært fram rök fyrir því að ekki væri unnt að vernda þær minjar sem er að finna á svæðinu og sannarlega hafa menningarsögulegt gildi með öðrum hætti en friðlýsingu svæðisins í heild sinni.

Samkvæmt 1. gr. laga um menningarminjar, er tilgangur laganna að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Þá segir enn fremur í ákvæðinu að löggin eigi að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim. Heimildir stjórnvalda til að friðlýsa svæði verður að túlka í samræmi við þennan tilgang laganna. Ljóst er að þær minjar er tilheyra því svæði er fyrirhuguð uppbygging nær til hafa ekki svo ríka þýðingu sem íslenskur menningararfur að varðveisla þeirra réttlæti friðlýsingu eða að þau tengsl séu á milli tiltekinna minja svæðisins að hægt sé að réttlæta friðlýsingu á samfelldu svæði. Með vísan til þess og alls framangreinds er ljóst að rök standa ekki til þess að friðlýsa tillagt svæði við Þerneyjarsund og á Álfsnesi í heild sinni.

d) *Uppfærð fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur gefur ekki tilefni til friðlýsingar*

Eins og að framan greinir þá átti Reykjavíkurborg í samstarfi við Minjastofnun Íslands áður en gengið var frá skipulagsáætlunum fyrir svæðið, svo sem áskilið er samkvæmt ákvæði 16. gr. laga um menningarminjar. Í raun gekk Reykjavíkurborg lengra en lög kveða á um og hafði einnig samráð við stofnunina um val á staðsetningu hafnar- og athafnasvæðis Björgunar ehf. Þannig áttu fulltrúar Reykjavíkurborgar og Minjastofnunar Íslands fundi 8. febrúar, 28. júlí og 28. nóvember 2017, þar sem þessi atriði voru til umfjöllunar. Á umræddum fundum kom fram sú skoðun Minjastofnunar Íslands að það svæði sem upphaflega hafði verið lagt til undir starfsemi Björgunar ehf., sunnan megin við það svæði er nú hefur verið úthlutað til félagsins, þótti ekki henta til uppbyggingar þar sem að á svæðinu mátti finna minjar Sundakots allt frá síðmiðöldum. Í samræmi við þá skoðun Minjastofnunar Íslands lagði Reykjavíkurborg til að

starfsemi Björgunar ehf. yrði fundinn staður norðar á nesinu, þ.e. á stað sem Minjastofnun taldi að hefði aðeins að geyma minni háttar minjar. Á fundi sem haldinn var 28. júlí 2017 sammæltust Minjastofnun Íslands og Reykjavíkurborg um að Borgarsögusafn Reykjavíkur uppfærði mælingar (fornleifaskráning) á svæðinu samkvæmt stöðlum Minjastofnunar. Reykjavíkurborg hóf því vinnu við gerð verkefnislýsingar skipulagsgerðar og umhverfismats sem tæki mið af því að starfsemi Björgunar ehf. yrði norðar á nesinu í samræmi við afstöðu Minjastofnunar á umræddum fundum.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 5. desember 2017, um verkefnislýsingu skipulagsgerðar og umhverfismats vegna áformaðra breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur um efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík eru ekki gerðar athugasemdir við breytta staðsetningu hafnar- og athafnasvæðis Björgunar ehf. Í umsögninni kemur fram, að það sé óhjákvæmilegt að minjar á landi verði fyrir raski og að nauðsynlegt geti verið að kanna hafsbötn m.t.t. minja á því svæði sem fyrirhuguð hafnarframkvæmd eigi að fara fram. Í niðurlagi umsagnarinnar kemur fram að Minjastofnun hyggst gera kröfu um mótvægisáðgerðir vegna minja sem verða fyrir raski og muni í flestum tilvikum fela í sér fornleifarannsókn með uppgreftri. Umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 20. mars 2018, um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna fyrirhugaðrar starfsemi Björgunar ehf. við Álfsnesvík, er efnislega á sama veg.

Í maí 2018 gaf Borgarsögusafn Reykjavíkur út skýrslu sem hafði að geyma uppfærða skráningu á fornleifum við Álfsnesvík. Uppfærð fornleifaskráning á svæðinu leiddi í ljós að í raun hefðu verið níu fiskibyrgi í landi Glóru í stað þeirra sex sem áður var talið að hefðu verið þar samkvæmt eldri fornleifaskráningu fyrir svæðið sem unnin var árið 2008 af Minjasafni Reykjavíkur í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar. Að öðru leyti leiddi uppfærð fornleifaskráning ekki í ljós nýja minjastaði frá því sem talið var í eldri fornleifaskráningu. Því var hvorki að finna í efni né niðurstöðu skýrslu Borgarsögusafns Reykjavíkur um uppfærða fornleifaskráningu svæðisins frá 2018 umfjöllun um ný atriði sem ekki var að finna í eldri fornleifaskráningu frá 2008 og gefið gátu tilefni til breyttrar afstöðu Minjastofnunar Íslands til nýrrar staðsetningar athafnasvæðis Björgunar ehf. frá því sem kemur fram í fyrrnefndum umsögnum stofnunarinnar frá 5. desember 2017 og 20. mars 2018.

Í kjölfar útgáfu uppfærðrar fornleifaskráringar sendi Minjastofnun Íslands bréf til Reykjavíkurborgar og ráðgjafarfyrirtækisins Alta, dags. 17. júlí 2018, sem hefur veitt Reykjavíkurborg skipulagsráðgjöf í tengslum við þróun svæðisins. Í bréfinu kemur fram breytt afstaða af hálfu stofnunarinnar þar sem ekki er lengur fallist á að athafnasvæði Björgunar ehf. verði við Álfsnesvík, heldur þeim tilmælum beint til borgaryfirvalda að finna Björgun ehf. annan stað og að beita sér fyrir vernd minja á Gunnunesi og í Álfsnesvík til framtíðar.

Reykjavíkurborg telur að framangreind afstöðubreyting Minjastofnunar Íslands til uppbyggingar á svæðinu sé ómálefnaleg og því ekki í samræmi við réttmætisreglu stjórnisýsluréttarins, enda gefur það sem kemur fram í uppfærðri fornleifaskráningu ekki tilefni til friðlýsingar umfram það sem fjallað var um í eldri fornleifaskráningu um svæðið. Þá telur Reykjavíkurborg að bæði borgaryfirvöld og Björgun ehf. hafi haft réttmætar væntingar til þess að friðlýsingu yrði ekki beitt um svæðið í ljósi þess að samráð var haft við Minjastofnun Íslands um ákjósanlega staðsetningu Björgunar ehf. Þá vekur athygli að tillaga um friðlýsingu var ekki sett fram af hálfu Minjastofnunar Íslands þá þegar er ljóst var að áform um uppbyggingu myndu raungerast í skipulagsáætlunum. Þess í stað var það ekki gert

fyrir en að málið var komið það langt að búið var að úthluta Björgun ehf. lóð undir hafnar- og athafnasvæði í Álfsnesvík.

e) *Meðalhófs og rannsóknarreglu ekki gætt*

Um undirbúning og ákvörðun friðlýsingar fer eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga um menningarminjar. Að mati Reykjavíkurborgar gætti Minjastofnun Íslands hvorki meðalhófs né að rannsóknarreglu við undirbúning friðlýsingartillögunnar. Reykjavíkurborg byggir á því að við framkvæmd laga um menningarminjar beri að gæta meðalhófs og ekki að grípa til friðlýsingar nema önnur úrræði til verndar minja hafi komið til athugunar og þá sýnt fram á að þau muni ekki koma að gagni, sbr. 10. gr. og 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Þannig ber Minjastofnun Íslands að gæta þess að velja minnst íþyngjandi úrræði sem í boði er í því skyni að ná lögmætu markmiði og ekki að ganga lengra við beitingu þess úrræðis en nauðsynlegt þykir. Reykjavíkurborg telur skorta verulega á að Minjastofnun Íslands hafi sýnt fram á að friðlýsing svæðisins í heild sinni sé viðurhlutaminnsta úrræðið sem í boði er til að tryggja verndun minja sem hafa menningarsögulegt gildi á svæðinu.

Reykjavíkurborg telur að Minjastofnun Íslands hafi borið að kanna og rannsaka til hlítar það svæði er stofnunin hyggst nú leggja til að verði friðlýst í heild sinni og með það í huga hvort vægari úrræði en friðlýsing komi að gagni við vernd minja á svæðinu. Lögð er áhersla á að engin fornleifarannsókn hefur farið fram á svæðinu sem staðfestir menningarsögulegt gildi svæðisins eða minja sem er eða kann að vera að finna á því. Minjastofnun hefur ekki tekið undir að fram fari fornleifarannsókn á svæðinu þrátt fyrir umleitanir Reykjavíkurborgar þess efnis.

Af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að Minjastofnun Íslands hefur eigi kannað hvort tryggja megi vernd minja á svæðinu með öðrum hætti en friðlýsingu. Mikilvægt er að slíkt mat fari fram í ljósi þess að ekki verður séð að hafnar- og athafnasvæði Björgunar ehf. muni koma til með að raska minjum sem teljast hafa menningarsögulegt eða sérstakt verndargildi á svæðinu. Jafnframt þarf slíkt mat að fara fram með hliðsjón af því að um er að ræða verulega fjárhagslega hagsmuni og stjórnarskrárvarinn eignarrétt Reykjavíkurborgar og Björgunar ehf. sem handhafa lóðarréttinda á svæðinu og veghelgunarsvæði Sundabrautar.

II. Áskilnaður:

Komi fram ný gögn eða upplýsingar í málinu eða kjósi Minjastofnun Íslands að taka til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í fyrirliggjandi gögnum stofnunarinnar og Reykjavíkurborgar, er þess óskað að Reykjavíkurborg verði gefið tækifæri til að setja fram frekari athugasemdir áður en ákveðið verður að gera tillögu til ráðherra um friðlýsingu menningar- og búsetulandslags við Þerneyjarsund, í Þerney og á Álfsnesi.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,



Ebba Schram
borgarlögmaður